

Alþingi
Erindi nr. P 138/327
komudagur 30.11.2009

Skrifstofa Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
V.t. Eiríkur Áki Eggertsson
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóv. 2009

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins, sbr. þskj. 292 — 256. mál. Nánar tiltekið er gerð athugasemd við 21. gr. frumvarpsins er hljóðar svo:

Á eftir 1. mgr. 101. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisskattstjóra er heimilt að taka til greina beiðni skattaðila um breytingu á ákvörðun um skattstofn eða skattálagningu, þó lengst sex tekjuár aftur í tímann, talið frá því ári þegar beiðni kemur fram, enda liggi verulegir hagsmunir að baki slíkri beiðni. Beiðni skal byggja á nýjum gögnum og upplýsingum sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr. Þá skulu skilyrði 96. gr. uppfyllt ef um hækkun er að ræða. Vilkja má frá þessum tímamörkum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.

Í athugasemdum við þetta ákvæði í frumvarpi til laganna kemur fram að setning þess sé nauðsynleg vegna fyrirhugðra skattkerfisbreytinga, sbr. frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, þskj. 251 — 226. mál. Að mati undirritaðs lögmanns er þetta rangt. Höfuðtilgangurinn er nefnilega að takmarka heimild skattaðila til að beiðast endurákvörðunar á sköttum sínum aftur í tímann, sbr. setningin: „Rétt þykir að setja sömu tímamörk í þessu sambandi og gilda um endurákvörðun til hækkunar skv. 1. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga“ í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til laganna. Nái ákvæðið fram að ganga yrði því um að ræða grundvallarbreytingu frá gildandi rétti. Hingað til hafa skattaðilar þannig getað beiðst endurákvörðunar skatta sinna óendanlega langt aftur í tímann. Þótt sjaldgæft sé að á þetta reyni í framkvæmd er um mikilsverðan rétt að ræða. Ég myndi því gjalda varhuga við þessari tillögu. Ríkið má enda aldrei að komast upp með að hagnast á ranglega álögðum sköttum.

Fh. SkattVís slf.
Reynir skattur með réttim hætti

Asmundur G. Vilhjálmsson

lögmaður

Skaftahlíð 11, 105 R

Skrifstofa Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
V.t. Eiríkur Áki Eggertsson
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóv. 2009

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins, sbr. þskj. 292 — 256. mál. Nánar tiltekið er gerð athugasemd við 4. gr. frumvarpsins en með henna er gert ráð fyrir niðurfellingu á orðunum: „*og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf*“, sbr. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 18. gr. eins og henni var breytt með lögum nr. 38/2007 er tóku gildi 1. janúar 2008.

Kaup og sala afleiðna er mjög áhættusöm viðskipti. Af einum viðskiptum getur verið hagnaður á meðan önnur skila tapi. Í fjármagnstekjuskattinum eru frádrættir mjög takmarkaðir. Skattur er þannig yfirleitt greiddur af heildartekjum án nokkurs frádráttar. Gildir þetta fortakslaust um reglulegar tekjur eins og arð og vexti. Þegar um hagnað af sölu eigna er að ræða kemur þó eingöngu mismunur söluverðs og kaupverðs til skatts.

Stutt er síðan afleiður fóru að ryðja sér til rúms. Fyrst eftir framkomu þeirra var mikið deilt um eðli tekna af slíkum viðskiptum. Gekk svo í nokkur ár þar til almennt samkomulag náðist um að líta á þær sem einstaklega tilfallandi tekjur eða eignahagð og eða -tap. Var það í samræmi við eðli þeirra. Skv. því lítur uppgjör afleiðna almennt sömu reglum og gilda um hagnað af sölu eigna. Þannig er þessu farið hjá öllum nágrannalöndum okkur, sbr. meðfylgjandi upplýsingar.

Ef tekjur af afleiðum verða gerðar upp eins og vextir getur maður þurft að greiða skatt enda þótt hann hafi engar tekjur í raun. Öll áhættan lendir semsé á skattaðilanum á meðan ríkið græðir. Auðvitað getur maður komist í hagstæðara skattaumhverfi með því að stofna félag um fjárfestingar sínar en er æskilegt að löggjöfin neyði hann til þess.


Tekjur af afleiðum voru skattlagðar eins og vextir fram til 2008. Flestir munu hins vegar hafa talið viðskiptin fram eins og eignakaup og -sölu. Byggðist það á meginreglunni um eðli teknanna. Á þessu gat auðvitað orðið breyting við endurákvörðun á sköttum og kom það mönnum

yfirleitt í opna skjöldu er það gerðist. Lagagrundvöllurinn var svo óljós. Byggðist eiginlega á úrskurðaframkvæmd.

Í þessu sambandi vil ég leggja áherslu á að þeir sem lentu í þessu voru í flestum tilvikum venjulegt fólk er oftast en ekki hafði orðið fyrir miklu tapi af fjárfestingum sínum. Virkaði aukaskatturinn því eins og salt í sárin hjá þeim.

Ég legg því til að hætt verði við þessa breytingu. Í staðinn verði sett sérstakt ákvæði um uppgjör tekna af afleiðum þannig að ekki orki tvímælis hvaða tekjur skuli koma til skatts.

Fh. SkattVís slf.
Skattafræðsla og ráðgjöf



Ásmundur G. Vilhjálmsson
lögmaður
Skaftahlíð 11. 105 R

Til frekari upplýsinga:

Danmörk, sjá Bekendtgørelse af lov om skattemæssig behandling af gevinst og tab på fordringer, gæld og finansielle kontrakter (kursgevinstloven), sbr.

<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=127089>

Svíþjóð, sjá Inkomstskattelag (1999:1229), 25 kap. Kapitalvinster och kapitalförluster i inkomstslaget, <https://lagen.nu/1999:1229>

Noregur, sjá LOV 1999-03-26 nr 14: Lov om skatt av formue og inntekt (skatteloven), http://www.regjeringen.no/nb/dok/lover_regler/lover/Lov-om-skatt-av-formue-og-inntekt-skatteloven.html?id=448416

Ásmundur G. Vilhjálmsson: Fjármálalegir samningar - undirliggjandi verðmæti - afleiður. Tímarit lögfræðinga. 3. tbl. 2001.